

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

- a. Breiðabólstaðar- og Hvammstangasóknir í Húnavatnsprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist. Heiti sóknarinnar er Hvammstangasókn.
- b. Hofs- og Hofsósssóknir í Hofsóss- og Hólaprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist. Heiti sóknarinnar er Hofsósssókn.
- c. Keldna- og Oddasóknir í Oddaprestakalli, Suðurprófastsdæmi sameinist. Heiti sóknarinnar er Odda- og Keldnasókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 78/1997, öðlast gildi 30. nóvember 2022.

Greinargerð.

Biskupafundur hefur samþykkt að biskup Íslands flytji ofangreinda tillögu um sameiningu sókna.

Beiðnir um sameiningu ofangreindar sókna hafa komið frá heimamönnum og fundargerðir aðasafnaðarfunda, sóknarnefnda og héraðsfunda fylgt með. Þar kemur fram eindreginn vilji sóknarmanna um að viðkomandi sóknir sameinist.

Í stefnumörkum um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæmi frá árinu 2000 segir um stærðir sókna, að mat sóknarbarna sjálfra verði að ráða stærð og mannfjölda viðkomandi sókna að meginstefnu til, enda sé það byggt á gildum rökum.

Af þeim sökum telur biskupafundur ekkert því til fyrirstöðu að ofangreindar sóknirnar sameinist enda ljóst að því fylgir mikil hagræðing.

Fylgiskjöl

- Fundargerð aðalsafnaðarfundar Keldnasóknar, dags. 22. september 2022
- Fundargerð Oddasóknar, dags. 9. maí 2022
- Fundargerð héraðsfundar Suðurprófastsdæmis, dags. 2. apríl 2022

- Fundargerð héraðsfundar Húnavatns- og Eyjafjarðarprófastsdæmis, dags. 6. júní 2022
- Samningur Hvammstangasóknar og Breiðabólstaðarsóknar um sameiningu sóknanna, dags. 25. apríl 2022
- Samningur Hofsóknar og Hofsósssóknar um sameiningu sóknanna, ódagsettur
- Stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma frá 2000
<https://kirkjan.is/library/Files/Stefnur/5.%20m%c3%a1l%202000%20Framt%c3%ad%c3%b0arskipan%20s%c3%b3kna,%20prestakalla%20.pdf>